

Reykjavík, 14. október 2019

**Alþingi**  
**Nefndarsvið**  
**101 Reykjavík**

**Efni: Umsögn um frumvarpi til laga um breytingu á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011, með síðari breytingum (kæruheimild samtaka). Þingskjal 45 -45. mál fyrir 150. löggjafarþingi 2019– 2020.**

Samorka þakkar tækifærið til veita umsögn um málið.

Samorka vekur athygli á því að nú er að störfum nefnd sem fjallar um heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem höfuð áhersla er lögð á einföldun regluverks og skilvirkar ferla. Augljóst er að þessi endurskoðun hefur m.a. tengingu við lögin um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Má í þessu sambandi minna á umfjöllun um málshraða og tafir sem ítrekað hafa orðið fyrir nefndinni.

Þá er vert að vekja athygli á því að nýlega var sett í gang aðgerðaráætlun um Árósasamninginn þar sem m.a. á að fjalla um lögin um mat á umhverfisáhrifum og lögin um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Ljóst er að þær tillögur sem koma fram í ofangreindu frumvarp hafa veruleg áhrif á alla málsmeðferð fyrir úrskurðarnefndinni og þar með tímaferla allra framkvæmda. Vandséð er að þessar tillögur falli að þeim markmiðum sem unnið er að með framangreindri heildarendurskoðun regluverks umhverfismats og framkvæmda. Einnig er sérkennilegt ef taka á eitt atrið út úr og gera slíkar grundvallar breytingar þegar heildarendurskoðun og aðgerðaráætlun stendur yfir. Hér þarf að hafa í huga að umfang kæruréttar og hvenær í ferlinu kærur koma inn er einn af þeim stóru þáttum sem þar eru til umfjöllunar.

Samorka leggst því eindregið gegn þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu.

Beðist er velvirðingar á umsögnin er send eftir að formlegur frestur rann út.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllst,

f.h. Samorku

Baldur Dýrfjörð lögfræðingu